

Öryggisblað (SDS)

Samkvæmt reglugerð Nr. 888/2015 (reglugerð EB Nr. 1907/2006 REACH)

1. Auðkenning efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins

1.1 Vörukenni:

Permabond A126

1.2 Viðeigandi og tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá:

Viðeigandi notkun Lím og þéttiefni.
Notkun sem ráðið er frá Engar upplýsingar fyrirleggjandi.

1.3 Söluaðili:

Landvélar
Smiðjuvegi 66
200 Kópavogur
Sími: 580 5800
Netfang: landvelar@landvelar.is
Veffang: www.landvelar.is

Framleiðandi:

Permabond Eng.Adhesives Ltd.
Colden Common, Winchester
Hampshire SO21 1WP, Bretland
+44 (0)1962 711 661
info.europe@permabond.com
www.permabond.com

1.4 Neyðarsímanúmer:

Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222. Neyðarlinan, lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningar; sími 112.

2. Hættugreining

2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar:

Flokkun skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

H317	Getur valdið ofnæmisviðbrögðum í húð	Húðnæm.1
H319	Veldur alvarlegri augnertingu	Augnert.2

2.2 Merkingaratriði:

Merking skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

Hættumerki



Viðvörðunarorð

VARÚÐ

Hættusetningar

H317	Getur valdið ofnæmisviðbrögðum í húð
H319	Veldur alvarlegri augnertingu

Varnaðarsetningar

P102	Geymist þar sem börn ná ekki til
P264	Þvoið mengaða húð vandlega eftir meðhöndlun.
P280	Notið hlífðarhanska/hlífðarfatnað/augnhlíf/andlitshlíf.
P302+P352	BERIST EFNIÐ Á HÚÐ: Þvoið með miklu vatni og sápu.
P305+P351+P338	BERIST EFNIÐ Í AUGU: Skolið varlega með vatni í nokkrar mínútur. Fjarlægjið snertilinsur ef það er auðvelt. Skolið áfram.
P333+P313	Ef efnið ertir húð eða útbrot koma fram: Leitið lækni.
P337+P313	Ef augnerting er viðvarandi: Leitið lækni.
P362+P364	Farið úr fötum, sem óhreinkast af efninu, og þvoið fyrir næstu notkun.
P501	Fargið innihaldi/íláti hjá viðurkenndri spilliefnamóttöku.

Inniheldur

2-Hýdroxyétýl metakrýlat.

2.3 Aðrar hættur:

Sjá einnig 11. og 15. lið.

Varan inniheldur engin efni sem flokkast sem PBT eða vPvB.
(**PBT**: Þrávirkt, safnast upp í lífverum, eitrað. **vPvB**: Afar þrávirkt, safnast mjög fyrir í lífverum).

3. Samsetning innihaldsefna / upplýsingar um innihaldsefni

3.1 Efni: Á ekki við

3.2 Blöndur:

2-hýdroxyetýlmetakrylát			
Skráningarnúmer ECHA	-	Innihald %	10 - 30
Raðnúmer	607-124-00-x	Varnaðarmerki:	Xi
EINECS, ELINECS	212-782-2	H-setningar	H36/38, H43
CAS	868-77-9	Flokkun, hættumerking	Ertandi, Veldur næmingu
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Húðert.2 - H315, Húðnæm.1 - H317, Augnert.2 - H319			

Kúmenvetnisperoxíð			
Skráningarnúmer ECHA	-	Innihald %	1 - < 2,5
Raðnúmer	-	Varnaðarmerki:	T, Xn, O, C, N
EINECS, ELINECS	201-254-7	H-setningar	H7, H21/22, H23, H34, H48/20/22, H51/53
CAS	80-15-9	Flokkun, hættumerking	Eitrað, Hættulegt heilsu, Ætandi, Eldnærandi, Hættulegt umhverfinu
Hættuflokkun/Hættusetningar			
Bráð.eit. 4 inntaka - H302, Bráð.eit. 4 ísog - H312, SEM-EV 2 - H373, Bráð. Eit. 3 innöndun - H331, Lífr.perox. E - H242, Langv.eit.á vatn 2 - H411, Húðæt. 1B - H314, Augnskað.1 - H318, SEM-VES 3 - H335			

Etýlendímetakrylát			
Skráningarnúmer ECHA	-	Innihald %	< 1
Raðnúmer	607-114-00-5	Varnaðarmerki:	-
EINECS, ELINECS	202-617-2	H-setningar	-
CAS	97-90-5	Flokkun, hættumerking	-
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Húðnæm.1 - H317, SEM-VES 3 - H335			

Sjá texta H-setninga í 16. lið. Sjá flokkun efnisins í 2. lið.

4. Ráðstafanir í skyndihjálpi

4.1 Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálpi:

Innöndun	Haldið hinum slasaða rólegum og heitum og látið hann hvílast í þægilegri stöðu sem auðveldar öndun. Tryggið ferskt loft. Leitið lækni ef einkenni hverfa ekki fljótt.
Snerting við húð	Hreinsið húð vandlega með sápu og vatni. Fjarlægið mengaðan fatnað og skó og hreinsið fyrir næstu notkun. Leitið lækni við einkennum.
Snerting við augu	Skolið varlega með miklu vatni í 15 mín. og haldið augum vel opnum. Fjarlægið augnlinsur fyrir skolun. Skolið áfram. Leitið lækni.
Inntaka	Skolið munn vandlega með vatni. Gefið mikið vatn að drekka. Framkallið ekki uppköst. Leitið lækni.

4.2 Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin:

Innöndun	Getur valdið ertingu í öndunarfærum.
Snerting við húð	Getur valdið ertingu, útbrotum og næmingu í snertingu við húð.
Snerting við augu	Veldur ertingu, bólgu og sviða.

4.3 Upplýsingar um tafarlausa lækniútmönnun og sérstaka meðferð sem þörf er á:

Meðferð sé samkvæmt einkennum.

5. Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða

5.1 Slökkvibúnaður:

Hentugur slökkvibúnaður:	Koldíoxíð, slökkviduft, froða. Kælið umbúðir með vatnsúða.
Óhentugur slökkvibúnaður:	Vatn.

5.2 Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar:

Við bruna myndast eittraðar og ertandi gufur. Kolmónoxíð, koldíoxíð og ýmis vetniskolefni.

5.3 Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn:

Notið sjálfstæðan öndunarbúnað og fullan hlífðarfatnað við mikinn eldsvoða. Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi og fargið skv. 13. lið.

6. Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysi

6.1 Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir:

Tryggið góða loftræstingu. Notið persónuhlífar. Rýmið mengað svæði. Reykið ekki.

6.2 Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins:

Ekki er talin umtalsverð hættu á mengun vegna þess litla magns sem notað er hverju sinni. Forðist losun í niðurföll, grunnvatn eða jarðveg.

6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar:

Notið óbrennanleg ísogsefni, t.d. sand eða kísilgúr. Setjið í viðeigandi vel merkt og lukt ílát og fargið skv. 13.lið.

6.4 Tilvísun í aðra liði:

Sjá liði 7, 8, 12, og 13.

7. Meðhöndlun og geymsla

7.1 Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist innöndun og snertingu við húð og augu.

Gætið hreinlætis við meðferð efnavara. Hreinsið hendur í vinnuhléum og þegar vinnu er lokið. Geymið vöruna fjarri matvælum og dýrafóðri. Farið úr menguðum fatnaði og hlífðarbúnaði áður en komið er á svæði þar sem matar er neytt.

7.2 Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna mögulegs ósamrýmanleika:

Geymið á köldum og þurrum stað í vel luktum upprunalegum umbúðum. Æskilegt geymsluhitastig: 5-25°C. Setjið ekki ónotað efni aftur í umbúðirnar.

7.3 Sértæk, endanleg notkun:

Lím og þéttiefni. Ekki er mælt með notkun þessarar vöru í samsetningum sem eru í snertingu við hreint súrefni eða gufu.

8. Váhrifavarnir / persónuhlífar

8.1 Takmörkunarfæribreytur:

8.2 Váhrifavarnir:

Tæknileg atriði

Notið einungis á stöðum með fullnægjandi loftræstingu. Notið lokuð kerfi, punktsog eða aðrar aðferðir til að halda styrk efnisins sem lægstum. Sé þetta ekki nægilegt til að halda styrk undir viðmiðunarmörkum, ætti að nota öndunarbúnað. Hafið augnskol tiltækt á vinnusvæði. Einungis þjálfað starfslið ætti að vinna með vöruna.



Persónuhlífar

Hreinsið húð vandlega eftir meðhöndlun efnavara, áður en nokkurs er neytt, farið er á salerni, og þegar vinnu er hætt. Gætið varúðar þegar farið er úr menguðum fatnaði. Hreinsið mengaðan fatnað vandlega áður en hann er tekinn aftur í notkun. Sjáið til þess að augnskol og sturtur séu nærri vinnusvæði. Haldið vörunni fjarri matvörum.

Augnhlífar

Húð - hendur

Notið hlífðargleraugu með hliðarvörn (EN 166), sé hættu á snertingu við augu. Notið efnahelda hanska t.d. úr nítílgúmmí eða Viton (EN 374). Notið verndarkrem. Ekki er mælt með notkun bómullarhanska eða úr öðrum íseygum efnum. Athugið leiðbeiningar framleiðanda um gegnstreymistíma hanska. Skiptið oft um hanska.

9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

9.1 Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika:

Eðlisástand:	Vökvi
Litur:	Grænn
Lykt:	Akrýllykt
Blossamark:	>100°C
Eðlismassi (20°C):	1,1 g/cm ³
Vatnsleysni:	Leysanlegt að litlu leyti. Leysist í lífrænum leysum.
Seigja (23°C):	20 mPas (thixótróp)

9.2 Aðrar upplýsingar:

10. Stöðugleiki og hvarfgirni

10.1 Hvarfgirni:

Getur hvarfast við sterka oxara.

10.2 Efnafræðilegur stöðugleiki:

Stöðugt við venjulega notkun og meðferð.

10.3 Möguleiki á hættulegu efnahvarfi:

Engin þekkt.

10.4 Skilyrði sem ber að varast:

Forðist loftfirrð rými og mengun af völdum málma.

10.5 Ósamrýmanleg efni:

Málmar og málmstölt, afoxarar, oxarar, stakeindahvatar.

10.6 Hættuleg niðurbrotsefni:

Við bruna myndast eittraðar og ertandi gufur. Kolmónoxíð, koldíoxíð og ýmis vetniskolefni.

11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar

11.1 Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif:

Bráð eiturrhif	Eiturrhif vörunnar hafa ekki verið fullrannsökuð. Forðist snertingu við húð og augu, innöndun og inntöku.
Ásvelgingarhætta	Ekki við venjulegar notkunaraðstæður.
Innöndun	Getur valdið ertingu í öndunarfærum.
Inntaka	Ekki er vitað um hættu við inntöku á litlu magni af slysi.
Snerting við húð	Getur valdið ertingu, útbrotum og næmingu í snertingu við húð.
Snerting við augu	Veldur augnertingu.

2-hýdroxyetýlmetakrylát

	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Bráð eiturrhif, inntaka	LD ₅₀	5000	mg/kg	rotta	
Bráð eiturrhif, ísog um húð	LD ₅₀	3000	mg/kg	kanína	
Húðæting/erting		Ertandi			
Alvarlegur augnskaði		Ertandi			
Næming, húð eða öndunarfæri		Veldur næmingu		hamstur	

Kúmenvetnisperoxíð

	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Bráð eiturrhif, inntaka	LD ₅₀	382	mg/kg	rotta	
Bráð eiturrhif, ísog um húð	LD ₅₀	1100	mg/kg		
Bráð eiturrhif, innöndun	LC ₅₀	3	mg/l/4 klst		
Húðæting/erting		Mjög ertandi			
Alvarlegur augnskaði		Ertandi			
Næming, húð eða öndunarfæri		Neikvætt			

Etýlendímetakrýlat					
	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Bráð eiturrif, inntaka	LD ₅₀	8300	mg/kg	rotta	
Bráð eiturrif, ísog um húð	LD ₅₀	2000	mg/kg		
Húðæting/erting		Neikvætt			
Alvarlegur augnskaði		Neikvætt			
Næming, húð eða öndunarfæri		Veldur næmingu			

12. Vistfræðilegar upplýsingar

12.1 Eiturhrif: Varan er ekki talin hættuleg umhverfinu.

2-hýdroxyetýlmetakrýlat					
	Gildi	Niðurstaða	Tími	Dýrategund	Aðferð
Eiturhrif	LC ₅₀	>100 mg/l	96 klst	Fiskar	
Eiturhrif	EC ₅₀	380 mg/l	48 klst	Daphnia	
Eiturhrif	EC ₅₀	400 mg/l	72 klst	Þörungar	
Þrávirkni og niðurbrot		84%	28 d		
Uppsöfnun í lífverum	BCF	1,34-1,54			
Eiturhrif á gerla	EC ₂₀	>3000 mg/l	16 klst	Pseudomonas	

Kúmenvetnisperoxíð					
	Gildi	Niðurstaða	Tími	Dýrategund	Aðferð
Eiturhrif	LC ₅₀	3,9 mg/l	96 klst	Fiskar	
Þrávirkni og niðurbrot		Hratt niðurbrot			
Dreifanleiki í jarðvegi		Óleysanlegt í vatni			

Etýlendímetakrýlat					
	Gildi	Niðurstaða	Tími	Dýrategund	Aðferð
Eiturhrif	LC ₅₀	227 mg/l	96 klst	Fiskar	
Eiturhrif	EC ₅₀	44,9 mg/l	48 klst	Daphnia	
Eiturhrif á gerla	EC ₅₀	570 mg/l	3 klst	Pseudomonas	

13. Förgun

13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs:

Vara Farga skal efninu samkvæmt gildandi lögum og reglum. Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku. Tæmið umbúðir vandlega. Skv. reglugerð nr. 184/2002 um spilliefni og annan úrgang, flokkast efnið og leifar þess sem : 08 04 09 (úrgangslím og -þéttiefni sem í eru leysar lífrænir leysar eða önnur hættuleg efni)

Óhreinar umbúðir Óhreinar umbúðir skal meðhöndla eins og vöruna sjálfa. Hreinar umbúðir má endurvinnna.

14. Upplýsingar um flutninga

ADR: Varan flokkast ekki sem hættulegur farmur
IMDG: Varan flokkast ekki sem hættulegur farmur
IATA: Varan flokkast ekki sem hættulegur farmur

15. Upplýsingar varðandi regluverk

15.1 Sértek ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis:

Varan fellur undir eftirfarandi reglugerðir: 1907/2006 (REACH), 1272/2008 (CLP), Íslenskar reglugerðir 888/2015 og 415/2014 (CLP).

15.2 Efnaöryggismat:

Efnaöryggismat hefur ekki farið fram.

16. Aðrar upplýsingar

Texti allra hættusetninga sem vikið er að á þessu öryggisblaði

H242	Eldfimt við upphitun
H302	Hættulegt við inntöku
H312	Hættulegt í snertingu við húð
H314	Veldur alvarlegum bruna á húð og augnskaða
H317	Getur valdið ofnæmisviðbrögðum í húð
H318	Veldur alvarlegum augnskaða
H319	Veldur alvarlegri augnertingu
H331	Eitrað við innöndun
H335	Getur valdið ertingu í öndunarfærum
H373	Getur skaðað líffæri við langvinn eða endurtekin váhrif
H411	Eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif

Dags: 26.06.2016

Öryggisblað þetta er þýtt af Gunnari Þórðarsyni efnaverkfræðingi.

Öryggisblað þetta er byggt á þeirri þekkingu sem fyrir liggur á útgáfudegi þess, um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi.

Það felur ekki í sér neina ábyrgð á efniseiginleikum og á einungis við um vörna eins og hún kemur frá seljanda.

Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

Notkun vörunnar er á ábyrgð notanda. Atvinnurekendur bera ábyrgð á útgáfu notkunarleiðbeininga sem eiga við þeirra vinnuumhverfi.

Frumheimild:

PERMABOND ENGINEERING ADHESIVES
SAFETY DATA SHEET
PERMABOND A126

Útgáfa:

21.05.2015 Endurskoðun 3